



Alþingi
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík 8. desember 2010

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (kyrrsetning eigna), 210. mál.

Efnahags- og skattanefnd hefur sent Samtökum atvinnulífsins ofangreint frumvarp til umsagnar, sbr. þingskjal nr. 231, svokallað kyrrsetningarfrumvarp.

Frumvarpið var lagt fram á síðasta þingi en náði ekki fram að ganga og er nú endurflutt óbreytt. Samtök atvinnulífsins sendu efnahags- og skattanefnd ítarlega umsögn um frumvarpið með bréfi, dags. 10. september 2010. Það veldur vonbrigðum að við endurflutning frumvarpsins hefur í engu verið tekið tillit til athugasemda SA sem þar komu fram. Eftirfarandi athugasemdir SA eru því ítrekaðar með þessu bréfi.

Miklu skiptir að orðalag og efni frumvarpsins sé vel ígrundað og takmarkist við þau markmið sem því er ætlað að ná fram. Kyrrsetning eigna er verulega íþyngjandi inngríp í mannréttindi þess sem fyrir henni verður, sem og nánustu skyldmenni hans. Því er mikilvægt að kyrrsetningarheimildin sé sett fram af meðalhófi og stangist ekki á við meginreglur réttarríkisins um réttláta málsmeðferð.

Samtökin vekja sérstaka athygli á því að ekki þarf að vera til staðar lögvarin krafa, svo unnt sé að beita kyrrsetningarheimild tekjuskattslaga, heldur er nægjanlegt að uppi sé „rökstuddur grunur um refsiverða háttsemi“. Sú krafa, sem kyrrsett er fyrir er því ekki orðin til þegar kyrrsetning fer fram.

Samtökin telja því mikilvægt kyrrsetningarheimildin sé afmörkuð nánar en gert er í frumvarpinu og bendir í því sambandi á eftirtalin atriði:

- Heimildin taki aðeins til eigna eða mála þar sem um raunveruleg undanskot frá skatti er að ræða. Með undanskoti í þessu samhengi er fyrst og fremst átt við vörsluskatta, sem ekki hefur verið skilað, en viðkomandi skattaðili hefur þá undir höndum fjármuni sem með réttu tilheyra skattyfirvöldum.
- Ekki á að heimila kyrrsetningu eigna til að standa straum af hugsanlegum fjársektum sem kunna að verða ákvarðaðar í kjölfar refsimeðferðar skattamáls. Þar er ekki um að ræða fjármuni sem tilheyra skattyfirvöldum, heldur fésektir sem verða aðeins gerðar að uppfylltum refsiskilyrðum. Fjársektir sem gerðar eru samkvæmt skattalögum eru í engu frábrugðnar fjársektum samkvæmt öðrum refsilögum, t.d. almennum hegningarlögum.
- Gera verður greinarmun á hvort einstaklingur hafi haft fjárhagslegan ávinning af hinu meinta broti eða ekki og þá að það sé forsenda fyrir kyrrsetningu að verið sé að komast hjá því að brotamaður geti skotið undan þeim ávinningi. Samtökin telja



-
- eðlilegt að skilyrða kyrrsetningu vegna sektarbrotu því að viðkomandi hafi haft fjárhagslegan ávinning af hinu meinta broti. Ef gengið er lengra en það getur orðið erfitt að fá einstaklinga til gegna stjórnarstöðu hlutafélags og þar með að veðsetja allar eigur sínar til tryggingar mögulegra sekta vegna meðferðar félagsins á opinberum vörslusköttum.
- Kyrrsetning eigna getur haft þær afleiðingar að gerðarþoli getur ekki staðið við skuldbindingar sínar, t.d. greitt af lánum sínu, sem getur haft gjaldfellingu í för með sér og aðför skuldunauta. Mikilvægt er að gerðarþoli hafi nægilegt svigrúm til að vernda eignir sínar og koma í veg fyrir greiðslufall lána.
- Árangurslaus kyrrsetning, skv. þeim kyrrsetningarheimildum sem hér eru til umfjöllunar, á ekki að geta orðið grundvöllur gjaldþrotaskipta. Árangurslaus kyrrsetning þýðir að sá sem á lögvarða kröfu á hendur viðkomandi getur krafist gjaldþrotaskipta án nokkurra frekari málalenginga. Við svo búið er skipaður skiptastjóri og allir sem eiga lögvarða kröfur lýsa þeim í búið og skipta svo á milli sín eignunum. Allir nema skatturinn geta lýst kröfu í búið þar sem krafa skattsins er ekki annað en rannsóknartilgáta og því ekki lögvarin. Hagsmunir skattsins eru því ekki varðir með nokkrum hætti með slíkri kyrrsetningu heldur er hún einungis til að valda einstaklingi umtalsverðu tjóni. Það er tilgangslaust að heimild skattyfirvalda leiði til gjaldþrots þess sem á aðild að máli sem er til skattrannsóknar. Augljóst er að með því er meðalhófsregla brotin og gengið allt of hart fram gagnvart skattaðila eða öðrum sem tengist skattrannsókn.
- Við kyrrsetningu eigna verður að virða þau sjálfsögðu mannréttindi skattaðila að hann geti framfleytt sér og fjölskyldu sinni á meðan á málarekstrinum stendur, og að hann geti jafnframt tekið til varna vegna þeirra krafna og málaferla sem mun óhjákvæmilega eiga sér stað í kjölfar kyrrsetningar. Málsmeðferð hjá skattyfirvöldum tekur að jafnaði tíma sem mældur er í árum frekar en mánuðum. Á þeim tíma þarf skattaðili að sjá sér og fjölskyldu sinni farborða, en sá réttur er m.a. verndaður af 76. gr. stjórnarskrárinnar. Þá verður skattaðili að hafa efni á því að geta tekið til varna í deilumálum við skattyfirvöld. Er sá réttur hans m.a. verndaður af 6. gr. mannréttinasáttmála Evrópu. Því er nauðsynlegt að undanskilja kyrrsetningu þá fjármuni sem raunverulega þarf til framfærslu og málareksturs á meðan á málsmeðferð fyrir skattyfirvöldum og dómstólum stendur. Í því skyni er ástæða til að hafa í huga að einstaklingur sem er til rannsóknar vegna skattalagabrotu hefur takmarkaða möguleika til að afla sér lífsviðurværis.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins